

## Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 5. desember 2022

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

### Dagskrá:

1. **Starfsmannamál**

Fært í trúnaðarbók.

2. **Launakostnaður**

BG kynnti launakostnað fyrstu 11 mánuði ársins.

3. **Fasteignamál**

Hof: rætt var um umsókn um lóð undir veiðihús. BG upplýsti að óskað hafi verið eftir tilboði í lóðaleigu og verður það skoðað þegar tilboð berst.

Miklibær: BG upplýsti að tilboð hafi borist í eignina en að því hafi verið hafnað þar sem ekki var til staðar heimild frá Kirkjuþingi til að selja eignina.

4. **Stjórnarhættir**

Rætt var um störf og starfshætti framkvæmdanefndarinnar og framkvæmdastjóra. Ákveðið að BG ásamt lögmanni Rekstrarstofu yrði falið að móta tillögur að starfsreglum innan þess ramma sem ákveðinn er í núgildandi starfsreglum Kirkjuþings um efnið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:00. Boðað verður til næsta fundar.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.